



## Forvarnir

Í Ártúnsskóla er unnið markvisst forvarnarstarf sem hefur það að markmiði að efla sjálfstraust og sjálfsvirðingu nemenda. Tilgangurinn er að stuðla að því að nemendur verði að heilsteypum og ábyrgum einstaklingum og virkir þátttakendur í lýðræðislegu og síbreytilegu samfélagi. Markmið er að hjálpa nemendum að nýta þekkinguna á sjálfum sér við að marka sér framtíð í margþættum samskiptum við aðra og vera ábyrgir fyrir þeirri leið sem þeir velja.

Ártúnsskóli er skóli margbreytileikans, þar sem nemendur eru virkir þátttakendur í skólasamfélaginu og lögð er áhersla á heildstæða menntun allra. Einkunnarorð skólans eru **ÁRANGUR – VIRÐING – VELLÍÐAN.**

Í Aðalnámsskrá grunnskóla frá 2011 segir m.a: “Grunnskólinn skal vinna markvisst að forvörnum og heilsueflingu þar sem hugað er að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan nemenda skólans. Lögð skal áhersla á almennar forvarnir, s.s. gagnvart tóbaki, áfengi, öðrum vímuefnum og annars konar fíkn, t.d. net- og spilafíkn.”

Forvarnastefna Ártúnsskóla byggir jafnframt á forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar 2014-2019.

### **Leiðir í forvarnarstarfi:**

Heilsueflandi skóli, útikennsla og umhverfismennt, lífleikniþemu, lífsleikni, bekkjarfundir, bekkjarreglur, vinabekkir, FÚÁ, skólavinir, skólareglur, öryggi og slysavarnir, eineltisáætlun, stoðkefi (sérkennsla, atferlismótun, hjúkrunarfræðingur, sálfræðingur, nemendaverndarráð, lausnateymi).